

AUGLÝSING

155

13. nóv.

um breytingar á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, með breytingum 12. febrúar 1947.

1. gr.

5. mgr. 4. gr. orðist svo: Laugardaga til kl. 4 síðdegis.

2. gr.

6. mgr. 4. gr. Í stað orðanna „til kl. 5 síðdegis“ komi: til kl. 4 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. nóvember 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

SAMÞYKKT

156

15. nóv.

um lokunartíma sölubúða í Búðardalskaupþúni og annars staðar í Laxárdalshreppi.

1. gr.

Sölubúðum í Búðardalskaupþúni og annars staðar í Laxárdalshreppi skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu þær undantekningar frá þessu sem nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðd. og laugardag fyrir páska og laugardag fyrir hvítasunnu eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Fjórða og síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 12 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. sept. skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 12 á hádegi og á föstudögum eigi síðar en kl. 7 e. h.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

- 156 Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum og renna sekt-
15. nóv. innar í hrepps sjóð Laxárdalshrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

- 157 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Möðruvallaklausturs-
18. nóv. kirkju“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. nóv. 1948. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Möðruvallaklausturskirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Möðruvallaklausturskirkju, og er eign Möðruvallaklausturskirkju í Hörgárdal.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður með 6000 — sex þúsund — krónum, af Ólafi Tr. Ólafssyni bónda í Dagverðartungu, og fjölskyldu hans, og Jóni Ólafssyni, bifreiðæftirlitsmanni í Reykjavík, og fjölskyldu hans, til minningar um Gísla Ólafsson, organista, Dagverðartungu, f. 12. október 1911, d. 4. október 1946, og afa hans, Ólaf Tryggva Jónsson, Dagverðartungu, d. 17. júní 1922, fyrsta organista Möðruvallaklausturskirkju, á aldarafmæli hins síðarnefnda, 30. ágúst 1948.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að eflingu kirkjusöngs í Möðruvallaklausturskirkju, á þann hátt, sem sjóðsstjórnin á hverjum tíma telur hentugast, svo sem með fjárveitingu til kirkjukórsstarfsemi, menntunar organleikara, hljóðfæriskaupa o.s.frv.

4. gr.

Ætlast er til, að sjóðurinn fái einkum tekjur af dánargjöfum, og séu gefin út minningarspjöld í þeim tilgangi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins annast sóknarprestur og sóknarnefnd Möðruvallaklausturskirkju, og sé sóknarprestur formaður sjóðsstjórnar.

6. gr.

Úr sjóðnum má fyrst veita 4. október 1951, en þó aldrei meiru en því, er nemur $\frac{3}{4}$ hlutum árlegra vaxta hans, unz hann er orðinn kr. 10000.00, þá öllum tekjum hans næstliðið almanaksár, ef þurfa þykir, og sé hinn árlegi úthlutunardagur jafnan 4. október, sé það unnt.